



BORGARBYGGÐ

GJALDSKRÁ

Ljósleiðari Borgarbyggðar

1. Almennt
Verðskrá þessi gildir fyrir starfssvæði Ljósleiðara Borgarbyggðar í Borgarbyggð
Virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum um virðisaukaskatt bætist við gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur á hverjum tíma.
2. Áskriftargjald
Mánaðarlegt áskriftargjald er kr. 2.990 + vsk.
3. Gjöld fyrir breytingar
Ef færa þarf heimtaug notanda í kerfismiðju frá einu porti yfir í annað, t.d. frá fjarskiptabúnaði fjarskiptafélags yfir í fjarskiptabúnað annars félags er innheimt breytingagjald að upphæð 4.008 auk vsk og greiðir það fjarskiptafélag gjaldið sem óskar eftir breytingunni.
3. Tengigjald nýrra notenda
Fyrir nýja tengingu greiðist einskiptisgjald, stofngjald kr. 201.613 + vsk. Auk þess greiðir nýr notandi því sem næst raunkostnað við að leggja ljósleiðara frá tengipunkti stofnkerfis að viðkomandi tengistað.
4. Leiga á ljósþráðum innan kerfisins
Fjarskiptafélögum stendur til boða að leigja ljósþræði til annarra nota en tengingu endanotenda. Vegalengdir miðast við loftlinu á milli tengistaða. Miðað er við að ekki þurfi að gera breytingar á streng. Ef gera þarf breytingar þá bætist tíma- og tækjakostnaður í samræm við umfang breytinga. Að öðru leiti er ekkert stofn- eða upphafsgjald vegna leigu. Öll verð eru á án vsk.

Leigugjald fyrir ljósleiðaraþræði í streng er eftirfarandi:

Fjöldi þráða	kr./km á mánuði
1	6.892,-
2	8.615,-
3	10.337,-
4	12.060,-

5. Aðstöðuleiga í tækjarýmum í Reykholti, Varmalandi og Lyngbrekku
Fjarskiptafélögum sem nýta sér aðgangskerfi Ljósleiðara Borgarbyggðar stendur til boða að leigja aðstöðu fyrir fjarskiptabúnað í tækjarýmum á ofangreindum stöðum skv. neðan greindu:

1 skáparými	41.355,- pr mánuð auk vsk
½ skáparými	20.677,- pr. mánuð auk vsk



BORGARBYGGÐ

Ljósleiðari Borgarbyggðar getur útvegað aðgang að 230V rafmagni og greiðir leigjandi fyrir því sem næst raunnotkun á rafmagni.

6. Önnur ákvæði.

Ljósleiðari Borgarbyggðar leggur ljósleiðara að tengistað en útvegar ekki endabúnað til notkunar.

Stofngjald er innheimt áður en framkvæmdir byrja.

Gjaldskrá tekur verðlagsbreytingum skv. ákvörðun sveitarstjórnar Borgarbyggðar

Með tjón á eignum Ljósleiðara Borgarbyggðar, þ.m.t. ljósleiðarastrengjum verður farið skv. lögum nr. 70 frá 2022 um fjarskipti gr. 86.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar þann 14. desember 2023.
Gjaldskrá þessi tekur þegar gildi.

Borgarnesi 14. desember 2023



Stefán Broddi Guðjonsson